

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 315

Dagsetning: 28. október 2025

Fundartími: 08:15 – 10.21

Fundarstaður: Fundarsalur Norðurorku - 2. hæð Orkugarði

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson
Þróstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi.

Fjarverandi

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

Gestir

Ottó Elíasson, framkv.stj. Eims á teams

Dagskrá fundar

1. Eimur – staða verkefna og hvað er framundan
2. Erindi frá Grýtubakkahreppi varðandi Reykjaveitu
3. Gjaldskrá Reykjaveitu
4. Styrkir
5. Veitur í Dalvíkurbyggð, mögulegt samstarf
6. Önnur mál

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Eimur – staða verkefna og hvað er framundan

Ottó Elíasson framkvæmdastjóri Eims kynnti, í gegnum fjarfundabúnað, helstu verkefni sem nú eru í gangi og það sem fram undan er hjá félaginu.

Til kynningar.

2. Erindi frá Grýtubakkahreppi varðandi Reykjaveitu

Þróstur Friðfinnsson, áheyrnarfulltrúi og sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, vék af fundi undir lið 2 og 3.

Erindi hefur borist frá Grýtubakkahreppi þar sem sveitarstjórn fer fram á að gjaldskrá Reykjaveitu verði aðlöguð að gjaldskrá aðalveitu, í einu eða fleiri skrefum.

Forstjóra falið að svara bréfi Grýtubakkahrepps. Einnig er forstjóra og stjórnarformanni falið að ganga til viðræðna við Grýtubakkahrepp um gjaldskrá Reykjaveitu til lengri tíma og leggja fyrir stjórn.

3. Gjaldskrá Reykjaveitu

Á 314. stjórnarfundu voru ákveðnar gjaldskrárbreytingar veitna sem taka munu gildi 1. janúar 2026. Ekki var tekin sérstaklega afstaða til gjaldskrár Reykjaveitu.

Stjórn samþykkir að breyta gjaldskrá Reykjaveitu 1. janúar 2026 til samræmis við verðlagsþróun á samningstímanum.

4. Styrkir

Stjórn ákvað á 314. stjórnarfundu að heildarfjárhæð styrkja 2026 yrði óbreytt frá fyrra ári, kr. 31,5 milljón. Skipting styrkfjárhæðar nú tekin til umræðu.

Meirihluti stjórnar samþykkir að hækka styrki 2026 um 5 milljónir þannig að styrkupp hæðin verði 36,5 milljónir. Hlynur greiðir atkvæði gegn tillögu um hækkun styrkja. Styrkir skiptast þannig: Bakhjarlastyrkir 5 m.kr., Samfélagsstyrkir 10 m.kr., Stjórnarstyrkir 5 m.kr., Stjórnendastyrkir 1,5 m.kr., Styrkur til Eims 15. m.kr. Samtals 36,5 milljónir króna fyrir árið 2026.

5. Veitur í Dalvíkurbyggð, mögulegt samstarf

Sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar kom að máli við Norðurorku með þá ósk að Norðurorka skoðaði möguleika á því að koma að rekstri veitna sveitarfélagsins. Norðurorka tók jákvætt í málið og svaraði sveitarstjóra formlega með bréfi 13. október. Byggðaráð Dalvíkurbyggðar tók málið fyrir á fundi 16. október og fól sveitarstjóra að vinna málið áfram í formi tímabundinnar úrlausnar. Viðræður eru á frumstigi en væntingar eru um að málið vinnist hratt og að hægt verði að ganga frá samningi innan skamms tíma.

Til kynningar.

6. Önnur mál

a) Sameining Menningarfélagsins Hofs ses. við Menningarfélag Akureyrar ses. Stjórn Menningarfélagsins Hofs ses. sendi stofnaðilum félagsins bréf þar sem stjórnin hafði ákveðið að slíta félaginu og að þeir fjármunir sem til voru í félaginu myndu renna inn í Menningarfélag Akureyrar ses. Forstjóri hefur samþykkt gjörninginn fyrir hönd Norðurorku hf.

Til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.21